

Aðalfundur - fundargerð

Haldinn á Hótel Reykjavík Centrum, 15. mars 2018.

Kristín Hermansdóttir, fundarstjóri
Nancy Bechtloff, ritari

Fundur settur 13:10

Allir forstöðumenn náttúrustofa mættu á fundinn nema frá Norðurlandi vestra (Bjarni Jónsson) og Suðurlandi (Erpur Snær Hansen, staðgengill forstöðumanns).

Kristín Hermansdóttir, Náttúrustofa Suðausturlands

Kristín Ágústsdóttir, Náttúrustofa Austurlands

Nancy Bechtloff, Náttúrustofa Vestfjarða

Óskar Sindri Gíslason, Náttúrustofa Suðvesturlands

Róbert Arnar Stefánsson, Náttúrustofa Vesturlands

Þorkell Lindberg Þórarinsson, Náttúrustofa Norðausturlands

1. liður - Skýrsla stjórnar

Kristín Ágústsdóttir formaður SNS 2017, kynnti skýrslu stjórnar fyrir tímabilið frá síðasta aðalfundi, þ.e. frá apríl til desember 2017. Allir fundargestir samþykktu skýrslu stjórnar.

Rætt var um bréfið frá UAR til aðildarsveitarfélaga náttúrustofa þar sem lagt var til ársframlenging á samningum stofanna. Samþykktu sveitarfélögin með bókunum.

Sindri Gíslason, formaður SNS, fór yfir verkefni frá áramótum (2018) fram að aðalfundi. Allir fundargestir samþykktu skýrslu stjórnar.

2. liður - Yfirferð ársreiknings 2017 (Kristín Hermansdóttir gjaldkeri)

Rekstrartekjur 793.786 kr. Rekstrargjöld 632.505 kr. Hagnaður 162.441 kr. Eigið fé og skuldir í lok árs voru því 539.898 kr.

Lindi og Róbert eiga eftir að senda inn reikningar fyrir útgjöld á vegum SNS en verður það gert upp síðar.

3. liður - Lagabreytingar

Engar.

4. liður - Kosning stjórnar

Í framboði til stjórnar árið 2019 voru Nancy Bechtloff til formanns, Bjarni Jónsson og forstöðumaður Náttúrustofu Suðurlands eða staðgengill hans. Staða forstöðumanns Náttúrustofu Suðurlands verður auglýst í haust og ætti þá að skýrast hver þriðji stjórnarmeðlimur verður. Engin mótframboð bárust svo þau voru sjálfkjörin.

Ákveðið var að núverandi formaður stjórnar, Sindri, muni ræða aðkomu Bjarna að stjórnarstörfum árið 2018 þar sem nauðynslegt er að allir í svo fámennri stjórn séu virkir.

5. liður - Vinnuhópar

Ákveðið er að huga að lagabreytingu fyrir næsta aðalfund varðandi vinnuhópa en fundargestir eru sammála um að ágætt væri að fá skýrslu yfir vinnu vinnuhópa og fulltrúa í nefndum og ráðum á vegum SNS á aðalfundi.

Ákveðið er að búa til lista yfir fulltrúa SNS í nefndum og ráðum. Ferðir þessara fulltrúa eru greiddar af SNS.

Bjargfuglar (Þorkell Lindberg Þórarinsson, Sunna Björk Ragnarsdóttir og Róbert A. Stefánsson)

- Vinna er í gangi. Einn fundur var haldinn í janúar 2017. Þriggja ára samningur var gerður 2017.

Spendýr (Róbert A. Stefánsson og Þorkell Lindberg Þórarinsson)

- Ekkert hefur verið gert árið 2017. Ákveðið er að leggja hópinn niður í óakveðinn tíma.

Hreindýr (Skarphéðinn Þórisson, Snævarr Guðmundsson og Þorkell Lindberg Þórarinsson)

- Ákveðið er að leggja hópinn niður í óakveðinn tíma en óformleg samskipti halda samt áfram.

Facebook hópur (Kristín Hermannsdóttir og Áslaug Lárusdóttir)

- Allir eru ánægðir með aukna virkni.

Vatnshlotshópur (Sindri Gíslason)

- Ekkert hefur gerst síðan 2015.

Erlent samstarf/Evrópustyrkir (Kristín Hermannsdóttir, Kristín Ágústsdóttir og Christian Gallo)

- Lítið hefur gerst. Ákveðið um að leggja hópinn niður en ekki hugmyndina.

Fagråd um Náttúruminjaskrá. Sigbrúður Stella Jóhannsdóttir hefur verið virk á árinu 2017. Ingvar Sigurðsson hefur verið varamaður en fer nú út sem fulltrúi SNS. Í hans stað er Kristín Ágústsdóttir tilnefnd sem varamaður.

Ágengar tegundir (Sindri Gíslason, Róbert A. Stefánsson). Nýr hópur.

Sjálfbærir veiðar (Róbert A. Stefánsson og Þorkell Lindberg Þórarinsson). Nýr hópur.

Rætt er aðeins um velferð dýra, við t.d. uppsetningu dægurrita, en ekki þarf leyfi frá MAST til þess. Rætt er um útflutningleyfi fyrir sýni en þau þarf að sækja til NÍ.

6. liður – Kosning skoðunarmanna reikninga

Áslaug Lárusdóttir og Guðrún Óskarsdóttir hafa verið skoðunarmenn og eru þær kosnar aftur.

7. liður – Árgjald

Vegna góðrar fjárhagsstöðu var ákveðið að fella niður árgjaldið í ár.

8. liður - Endurnýjun samninga við UAR

Fregnir hafa borist úr ráðuneyti um tillögur af hálfu ráðherra að framlög til náttúrustofa til næstu fimm ára verði í samræmi við fjárlögin 2018. Nánari upplýsingar ættu að berast eftir páska, bíðum eftir þeim með næstu skref.

9. liður – Önnur mál

Rætt var um nýjan rekstrarsamningin um náttúrustofur og hver ætti að vera grunnfjárhæðin. Ákveðið var að fá tölur hjá FÍN hvað varðar tölur um raunhæf laun tveggja starfsmanna á hverja stofu: forstöðumann og einn sérfræðing.

Heimasíða. Nancy er beðin um að hafa samband við Snerpu til að athuga hvort það sé hægt að stofna læstan aðgang á heimasíðu SNS heimasíðunni fyrir forstöðumenn. Tilgangurinn er að vista þar upplýsingar eins og fundargerðir, skýrslur stjórnar, umsagnir o.fl.

Fjárlög. Rætt er um að stjórn sendi beiðni til UAR og Fjármálaráðuneytis um að setja fram sundurliðun á framlög til hverra náttúrustofu í fjárlögin enda eru stofnarnar einstakar rekstrareiningar. Bíða með að senda beiðnina samt.

Landupplýsingakönnun. Alta ehf sér um landupplýsingakönnun fyrir Landmælinga Íslands og eru stofnarnar beðnar um að setja inn eða yfirfara gagnasett í töflureikningaskjal. Allir erum sammála um að hugmyndin sé sniðug en gæti orðið tímafrek.

Fundi slitið 15:10